

Djúpivogur
Bakki 1
765 Djúpivogur

Reykjavík, 1. apríl 2019
Tilvísun: 312



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Styrkúthlutun 2019: Gamla kirkjan á Djúpavogi

Minjastofnun Íslands þakkar umsókn um styrk úr húsafriðunarsjóði til ofangreinds verkefnis.

Ákveðið hefur verið að veita styrk að upphæð kr. 3.000.000,- til verkþáttarins: **Klæðning og frágangur á ytra borði.**

Áður en verkefnið er hafið skal leita samráðs og samþykkis Minjastofnunar á tilhögun þess, með tölvupósti á netfangið husafriðunarsjodur@minjastofnun.is. Úthlutun styrks jafngildir ekki sjálfkrafa samþykki á því hvernig verkið verður unnið. Til hliðsjónar við framkvæmdir skal hafa ritröð Húsafriðunarnefndar um viðhald og endurbætur friðaðra og varðveisluverðra húsa sem nálgast má á heimasíðu Minjastofnunar Íslands, www.minjastofnun.is, undir *Gagnasafn*. Einnig má leita til Húsverndarstofu í Árbæjarsafni til að fá ráðgjöf um viðhald og viðgerðir gamalla húsa, frekari upplýsingar eru á vefnum husverndarstofa.is

Eins og fram kemur í 5. gr. reglna um úthlutun úr húsafriðunarsjóði, nr. 577/2016, gerir Minjastofnun Íslands samning um greiðslu styrks sé styrkuppheð hærrí en 1,5 m.kr., þar sem kveðið er á um greiðslufyrirkomulag styrksins.

Meðfylgjandi er samningsform sem styrkþegi er beðinn um að undirrita og senda Minjastofnun Íslands. Jafnframt þarf að setja í samninginn upplýsingar um þann bankareikning sem óskað er eftir að styrkur verði millifærður á. Bankareikningur þarf að vera á kennitölu styrkþega, sem fram kemur í samningi. Afrit af samningi, undirrituðum af Minjastofnun Íslands, mun verða sent styrkþega.

Vakin er athygli á því að sé styrkþegi ekki skráður þinglýstur eigandi a.m.k. 50 prósent hluta þess húss eða mannvirkis sem um ræðir þarf að afla skriflegs leyfis frá meirihluta eigenda eða eigenda a.m.k. 50 prósent hluta. Skriflegt leyfi, undirritað af eigendum og vottað af tveimur aðilum, þarf að berast Minjastofnun Íslands áður en greiðsla styrks getur farið fram.

F.h. Minjastofnunar Íslands

Kristín Huld Sigurðardóttir
forstöðumaður